

Hafnarfirði, 10. mars 2021

Umsögn um frumvarp til laga um stjórnskipunarlög (kosningaaldur), 188. mál.

Óskað var eftir umsögn um frumvarp um stjórnskipunarlög sem barst í tölvupósti frá nefndarsviði Alþingis þann 22. febrúar 2021.

Hafnarfjarðarbær hefur í verið með mjög virkt ungmennaráð frá því það var stofnað árið 2004. Markmið þess er að veita þeim, á aldrinum 13 til 18 ára fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og skapa vettvang og leiðir til að gera þeim sem eru yngri en 18 ára kleift að koma skoðunum sínum á framfæri. Fulltrúar úr öllum grunnskólum bæjarins eru þátttakendur í þessu starfi auk fulltrúa frá úr framhaldsskólunum Hafnarfjarðar. Meðal verkefna þeirra hefur verið að halda ungmennaping þar sem leitað er eftir hugmyndum og athugasemdum frá unglingunum sjálfum um málefni sem á þeim brennur. Stjórnkerfi sveitarfélagsins hefur tekið við þeim málum og erindum sem Ungmennaráðið sjálft velur að koma á framfæri. Þessi mál unga fólksins hafa orðið til þess að þjónusta og starfsemi sveitarfélagsins breytist og þróast í takt við óskir unga fólksins.

Í starfi félagsmiðstöðva er virkt unglingalýðræði þar sem unga fólkið hefur mikið um það að segja hvaða viðfangsefni unnið er með í félagsmiðstöðinni. Óskir barna urðu til þess að hér í bæ eru sett upp ákveðin leiktæki. Með öðrum orðum þá er í gangi lýðræðisleg verkefni í daglegu lífi barna og þau hafa áhrif á stjórnkerfi bæjarins.

Börn eru börn til 18 ára aldurs en þá verða þau sjálfráða. Er hægt að vera með kosningarétt og vera ósjálfráða? Er hægt að flækja aldurstengd réttindi enn meir þar sem bílprófsaldur er 17 ára, sjálfræði 18 og áfengiskaupaaldur 20 ára? Er ekki eina vitið að öll réttindi falli þeim í skaut við 18 ára aldur þegar börn verða fullorðin. Í almennu uppeldi þá fylgir aukin ábyrgð auknum þroska og aldri. Á þessum mótunarárum er tilvalið að hafa þetta stigskipt og með því er hægt að auka umfjöllun meðal ungs fólks um þessi auknu réttindi.

Börn hafa ekki næga þekkingu á stjórn málum og ættu því ekki að hafa kosningarétt. Börn eru eins og fullorðin með mismikla þekkingu á stjórn málum og fullorðin einstaklingur með litla þekkingu á stjórn málum hefur fullan rétt á að kjósa. Stjórn málaflokkar og framhaldsskólar munu mæta þessari umræðu- og fræðslu eftirspurn varðandi stjórn máli sem mun myndast fá 16-18 ára kosningarétt.

Með því að lækka kosningaaldur í 16 ár eykst vægi unga fólksins í samfélaginu og þau fá aukin rétt til að hafa bein áhrif á landsmálin og á sitt sveitarfélag. Ungu fólkið í Hafnarfirði hefur sýnt það að þau hafa málefnalegar skoðanir og færa fyrir þeim haldbæran rökstuðning og eru fyllilega hæf í að axla þá ábyrgð að hafa kosningarétt. Með því að lækka aldurinn má ætla að málefni ungs fólks verði á



HAFNARFJÖRÐUR

dagskrá og velferð barna, unglunga og ungs fólks verði höfð enn meira að leiðarljósi í allri stefnumótun og ákvörðunartöku stjórnmalanna.

Mælt er eindregið með því að kosningaaldur verði lækkaður niður í 16 ár.

F.h. mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar

Geir Bjarnason

Íþrótta- og tólmstundafultrúi



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

www.hafnarfjordur.is

Fræðsluráð - 462

Haldinn í Hafnarborg,
10.03.2021 og hófst hann kl. 14:00

Fundinn sátu: Kristín María Thoroddsen formaður,
Margrét Vala Marteinsdóttir varaformaður,
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður,
Sigrún Sverrisdóttir aðalmaður,
Auðbjörg Ólafsdóttir aðalmaður,
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir áheyrnarfulltrúi,
Birgir Örn Guðjónsson áheyrnarfulltrúi,

Fundargerð ritaði: Valgerður Sveinbjörnsdóttir, ritari

Auk ofantalinna og undirritaðra sátu fundinn: Hrund Apríl Guðmundsdóttir, aðstoðarmaður sviðsstjóra, Geir Bjarnason, íþróttá- og tómstundafulltrúi, Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla, Ingibjörg Magnúsdóttir, áheyrnarfulltrúi skólustjóra grunnskóla, Elín Soffía Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi grunnskólakennara, Oddfríður Jónsdóttir, áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Ásrún Sigríð Steindórsdóttir, áheyrnarfulltrúi starfsfólks leikskóla, Kristín Ragnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna og Óskar Hafnfjörð Gunnarsson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna.

Dagskrá:

7. 2103117 - Umsögn um lagafrumvarp um stjórnarskipunarlög (kosningaaldur), 188. mál

Umsögn mennta- og lýðheilsusviðs um kosningaaldur sem skilað verður inn í samráðsgátt Alþingis lögð fram.

Fræðsluráð tekur undir umsögn mennta- og lýðheilsusviðs þar sem mælt er eindregið með því að kosningaaldur verði lækkaður niður í 16 ár. Í umsögn sviðsins segir ftirfarandi: Með því að lækka kosningaaldur í 16 ár eykst vægi unga fólksins í samfélaginu og þau fá aukin rétt til að hafa bein áhrif á landsmálin og á sitt sveitarfélag. Ungu fólkið í Hafnarfirði hefur sýnt það að þau hafa málefnalegar skoðanir og færa fyrir þeim haldbæran rökstuðning og eru fyllilega hæf í að axla þá ábyrgð að hafa kosningarétt. Með því að lækka aldurinn má ætla að málefni ungs fólks verði á dagskrá og velferð barna, unglinga og ungs fólks verði höfð enn meira að leiðarljósi í allri stefnumótun og ákvörðunartöku stjórnmalanna.

Foreldraráð grunnskólabarna fagnar allri umræðu um að efla lýðræðislega þátttöku barna. Foreldraráð grunnskólabarna leggur það til að ekki verði miðað við fæðingardag við ákvörðun kosningaaldurs eins og nú er gert heldur fæðingarár. Með því er verið að tryggja jafnræði allra í árgangnum til lýðræðislegrar þátttöku. Engin málefnaleg rök liggja því að baki að ungt fólk sem er í sama árgangi geti ekki tekið sömu ákvarðanir. Fh. foreldraráðs grunnskólabarna í Hafnarfirði
Kristín Blöndal Ragnarsdóttir

[Kosningaaldur, umsögn.pdf](#)

Kveðja, Geir